

## Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu fyrir heimili og frístundahús í Sveitarfélaginu Hornafirði

### 1. gr.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna meðferðar úrgangs í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Árlegt grunngjald vegna sorphirðu, sorpeyðingar og endurvinnslu í sveitarfélaginu er sem hér segir.

#### Íbúðir

|                                   |            |
|-----------------------------------|------------|
| Einingargjald sorphirðu á íbúð er | 19.294 kr. |
| Einingargjald sorpeyðingar er     | 12.128 kr. |

Óski greiðendur eftir fleiri sorphilátum greiðist viðbótargjald.

|   |            |
|---|------------|
| Sorphirðu og eyðingargjald fyrir 240 l. tunnu | 16.400 kr. |
| Lífrænt ílát                                  | 14.400 kr. |
| Græn tunna                                    | 14.400 kr. |

Hver húseigandi sem greiðir ofangreint gjald fyrir íbúð fær afhent eitt klippikort á ári. Eitt klipp af klippikorti sem húseigendur fá afhent samsvarar 4 m<sup>3</sup> á hverju klippikorti eru 16 klipp hvert klipp er 0.25 m<sup>3</sup>. Aukaklippikort 4 m<sup>3</sup> kostar 8.000 kr. miðað er við að 0.25 m<sup>3</sup> geti verið allt að 25 kg.

Á hvert frístundahús er heimilt að leggja sérstakt gjald vegna sorphirðu og/eða sorpeyðingar. Þar sem sumarbústaðir eru 20 eða fleiri skal leggja á sérstakt gjald fyrir sorphirðu að viðbættu sorpeyðingargjaldi enda verður komið upp gámasvæði við sumarbústaðarhverf með yfir 20 bústöðum eða fleiri yfir mesta ferðamannatímamann frá 1. júní – 1. september. Í sumarhúshverfum með færri en 20 bústaði eru eingöngu lögð gjöld vegna sorpeyðingar.

|  |           |
|--|-----------|
| Sorphirðugjald þar sem eru fleiri en 20 frístundahús | 3.500 kr. |
| Sorpeyðingagjald fyrir frístundahús                  | 4.800 kr. |

### 2. gr.

Gjald fyrir sorphirðu- og eyðingu samkvæmt 1. grein hér að ofan er lagt á hverja íbúð í lögsagnarumdæmi sveitarfélagsins og er það innheimt með fasteignagjöldum.

### 3. gr.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá úrgangshafa án undangengins dóms, sbr. 4. nr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Gjöld eru tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjaldaga sbr. lokamálsgrein 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 11. gr. samþykktar nr. 236/2018 um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarráði þann 9. október 2017 og staðfest af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar þann 12. október 2017 samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998.

Gjaldskráin tekur gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 909/201.

Sveitarfélaginu Hornafirði 26. apríl 2018.



Björn Ingi Jónsson  
bæjarstjóri

